



## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Reyðarfjarðar

Sala raforku frá 1.4.2015

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku til viðskiptavina á þann hátt og við því verði sem hér segir:

OO1 Orkutaxti		Verð án vsk	Alm. notkun með 24 % vsk.	Rafhitun með 11 % vsk
Orkugjald	kr./kWh	5,309	6,584	6,038
Auðlindagjald	kr./kWh	0,129	0,160	0,143
Samtals	kr./kWh	5,438	6,744	6,181

#### Almennar skýringar:

##### Vetur

Tímabilið frá og með 1. október til og með 30. apríl.

##### Vor og haust

Mánuðirnir maí og september.

##### Sumar

Tímabilið frá og með 1. júní til og með 31. ágúst.

##### Ótryggð orka til hitunar

Ótryggð orka til katla er seld samkvæmt sérsamningum og er bundin sérstökum skilmálum, meðal annars um fulla heimild til rofs.

##### Aflgjald og sölutoppur

Aflgjald reiknast af sölutoppi ársins. Afltoppar, sem notaðir eru við útreikning á sölutoppi, eru mældir 60 mínútna meðaltoppur. Í hverjum almanaksmánuði er reiknaður út sá toppur sem til álita kemur við útreikning á sölutoppi ársins, svokallaður mánaðartoppur. Sölutoppur ársins reiknast síðan sem meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa. Sölutoppurinn skal að lágmarki vera 20 kW. Notanda með lægri útreiknaðan sölutopp er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt afltaxta, enda greiði hann þá að lágmarki fyrir 20 kW.

##### Útreikningur mánaðartoppa

Ef aflmælingin byggist ekki á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er ekki tímamæld) er mánaðartoppurinn hæsti mældi afltoppurinn í mánuðinum. Álestur skal þá tekinn mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum.

Ef aflmælingin byggist á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er tímamæld) eru allir afltoppar að sumri og á vetrarnóttum margfaldaðir með stuðlinum 0,7 áður en mánaðartoppurinn er fundinn.



### Aðferðafræði við aflsölu

Við sölu eftir afltaxta er áætlaður árstoppur grundvöllur gjaldtöku fram eftir ári, en uppgjör í árslok eftir útreiknuðu meðaltali fjögurra hæstu mánaðartoppa.

### Greiðslumátagjöld

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti og þannig áfram. Greiðslumátar þróast og breytast enda er samkeppni milli fjölmargra aðila sem þar koma við sögu, svo sem í: bankaþjónustu, prentun, pökkun og útsendingu.

### Virðisaukaskattur (vsk)

Fjórði stafurinn mun bætast við taxaheitið á reikningi til að gefa til kynna þann vsk sem við á.

A þýðir að taxtinn ber almennan vsk 24 %. H þýðir að taxtinn ber vsk fyrir rafhitun.

Fjarðabyggð 20. mars 2015

Páll Björgvin Guðmundsson

Samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd 9. mars 2015

Samþykkt í bæjarráði 16. mars 2015

Samþykkt í bæjarstjórn 19.mars 2015